

1866.

4. október.

86. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptamt- mannsins og biskupsins yfir Íslandi, um að setja fastan umsjónarmann við Reykjavíkur skóla.

Í bréfi dagsettu 8. f. m. hafið þér, herra stiptamtmaður, og þér, háæruverðugi herra, ítarlega leidd rök að því, hversu nauðsynlegt það sé að yðar hyggju, að komið sé á strangari umsjón, en nú er, með lærisveinum Reykjavíkur skóla utan kennslutímanna, og einkum á helgum og þegar leyfi eru, og hafið þér farið þess á leit, að yður verði veitt heimild til að setja fastan umsjónarmann við skólann fyrst um sinn, eða að minnsta kosti það skólaárið, sem nú byrjaði með þessum mánuði, og láta hann fá 500 rd. laun og bústað, eldsneyti og ljósmat ókeypis í einu af herbergjunum í skólahúsinu. Hafið þér stungið uppá, að launin handa umsjónarmanninum verði útveguð á þann hátt, að honum sé veitt fyrir missirið, frá 1. októbermán. þ. á. til 31. marzmán. 1867, 150 rd. af aðstodarfænu handa skólanum, helmingurinn af þeirri upphæð, sem veitt er til skripta og reikninga við skólann, og helmingurinn af því fê, sem veitt er til að semja reikninga latínuskólans og prestaskólans, og takist hann þá þann starfa á hendur. Fyrir missirið frá 1. aprílmán. til 30. septembermán. 1867 ætti að veita honum hið sama, ef að ekki veittist færi á að útvega fê það, sem til þessa þarf, á annan hátt um fjárhagsárið 1867—68.

Um þetta skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, að með því að ekki lítur út fyrir nú sem stendur, að sú sýslan, að vera umsjónarmaður við latínuskólann, verði sameinuð við eitt af kennaraembættunum við skólann, hefir stjórnarráðið ekki neitt á móti því, að settur sé umsjónarmaður um skólaár það, sem nú er byrjað, og að hann, auk þess að takast á hendur umsjónarstörf þau, sem kennararnir í skólanum hafa haft á hendi til skipta hingað til, líka hafi umsjón með hægðun lærisveinanna á helgidögum og þegar leyfi eru, takist á hendur skriptir og reikningsstörf við latínuskólann, og að semja reikninga hans og prestaskólans, og einnig hafa umsjón með áhöldum skólans, húsum, bókasafni og fl., allt saman með þeim kjörum, að hon-

um sè veitt borgun sú, sem þér hafið stungið uppá, og felur stjórnarráðið yður, herra stiptamtmaður, og yður háæruverðugi herra, á hendur að semja handa umsjónarmanni þeim, sem settur verður, reglugjörð eins og vera ber.

1866.

4. október.

87. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um verðlaun fyrir að bjarga mönnum úr lífsháska.

6. nóvbr.

Með bréfi dagsettu 24. júlímán. þ. á. hafið þér, herra amtmaður, sent hingað eptirrit af prófi, sem haldið var í Mýra- og Hnappadalssýslu 25. maímán. þ. á. því til sönnunar, að Theódor Jónsson á Syðri-Hraundal og Sigurður vinnumaður Sigurðsson á Hamri í Mýrasýslu höfðu árið 1864 bjargað tveim mönnum frá að drukna, og hafið þér lagt til með, að þessum tveim mönnum, sem nú voru nefndir, verði veitt hæfileg verðlaun í peningum.

Útaf þessu skal yður kunngjört, yður til leiðbeiningar og til þess að þér gjörðið þær ráðstafanir, sem þörf er á, að stjórnarráðið eptir atvikum þeim, sem sannast hafa, hefir veitt áður nefndum tveim mönnum 16 ríkisdala verðlaun hvorum, og mun upphæð sú verða borguð úr jarðabókarsjóði Íslands, þegar þér krefist þess; hefir landfógetanum í dag verið skrifað það sem með þarf í því efni.

88. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um borgun til umboðsmannsins yfir Arnarstapa umboði fyrir að vera við skoðunargjörð á Íngjaldshóls kirkju.

8. nóvbr.

Í bréfi 8. júlímán. f. á. lét stjórnarráðið amtið meðal annars vita, að Árna Thorlacíus, umboðsmanni yfir Arnarstapa umboði, ekki yrði borgaður reikningur, sem hann hafði sent amtinu, fyrir fæðispeningum og ferðakostnaði hans til að vera viðstaddur